

Mál nr. 145/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar og húseigendatryggingar

Vatnstjón á íbúð þ. 9.3-11.3.2012

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 23.3.2012.
2. Bréf V dags. 13.4.2012.

Málsatvik.

M var að heiman 9-12.3. s.l. Við heimkomuna kom í ljós að byssa á slöngu utanhúss, sem tengd er við krana innanhúss hafði brotnað af í miklu hvassviðri og við þær aðstæður ýrðist vatnið úr slöngunni á svalardyr hússins með þeim afleiðingum að vatnstjón varð innanhúss þar sem paket á gólfi skemmdist. M krefst bóta úr fjölskyldu- og húseigendatryggingu sinni hjá V og vísar til greinar í húseigendatryggingu 9.1.1. í vátryggingasamningi, þar sem segir m.a. að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. V hafnar bótaskyldu en segir ekki ágreining um málsatvik, en skilyrði bótaábyrgðar séu ekki uppfyllt. V bendir á grein 9.1.1. húseigendatryggingarinnar og sambærilegt ákvæði í skilmálum fjölskyldutryggingar og segir að það sé skilyrði að vatn streymi úr leiðslum hússins og það eigi upptök sín innan veggja þess og sé óvænt og skyndilegt. V bendir á að vatnsstreymið sem um ræðir stjórnist af þrýstingi sem myndist af notkun byssunar sem brotnaði af í óveðrinu og því séu upptökin við enda slöngunnar og utan veggja hússins. V bendir á að hefði slangan verið innandyrá þegar atvikið átti sér stað hefði bótaskylda verið fyrir hendi.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð, en þar sem ekki er ágreiningur um atvikalýsingu kemur það ekki að sök. Slanga staðsett utan hússins var tengd við krana innan dýra og var fullur vatnsþrýstingur á slöngunni þegar húsráðendur yfirgáfu húsið. Vatn streymdi úr slöngunni þegar byssa sem stjórnaði vatnsstreymi úr slöngunni og var staðsett fremst á slöngunni gaf sig. Þar sem vatnið sem tjóninu olli streymdi úr slöngunni vegna þess að byssa fremst á slöngunni utanhúss gaf sig verður ekki séð að skilyrði bótaskyldu samkvæmt grein 9.1.1. húseigendatryggingarinnar og sambærilegu ákvæði hvað varðar fjölskyldutrygginguna séu fyrir hendi, þar sem upptök vatnsstreymisins voru utanhúss en ekki innanhúss. Bótaskylda V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Tjón M er hvorki bótaskylt úr húseigenda- eða fjölskyldutryggingu hans hjá V.

Reykjavík 8.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.